

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2022  
UST202205-045/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka í Garði í Mývatnssveit. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhugað er að taka allt að 120.000 m<sup>3</sup> úr námunni á næstu 10 árum. Gert er ráð fyrir efnistöku á svæði út frá eldri námu. Efnistökusvæðið er í nútímahrauni.

Fram kemur í greinargerð að efnið verði m.a. notað í göngustíg sem verið er að leggja við Mývatn. Bent er á að meðal kosta efnistöku á þessum stað sé sú að náman sé nærri framkvæmdasvæðum og styttri akstur dragi úr loftmengun vegna styttri akstursleiða.

Fyrirhuguð náma er utan við verndarsvæði Laxár og Mývatns. Ráðgert er að 50 cm lag verði frá námubotni niður í grunnvatn. Þarna þarf að huga vel að því að olía berist ekki frá tækjum í námunni því ólíklegt er að botn námunnar sé það þéttur að hann hindri að mengun berist í grunnvatn.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða nokkuð mikla efnistöku á mjög fjölsóttu ferðamannasvæði. Hér þarf að vega og meta hvort minni loftmengun vegna styttri aksturs réttlæti frekara rask í hrauni við Mývatn. Skoða ætti efnistöku á þessu svæði í heild og í raun er í greinargerð bent á önnur efnistökusvæði við Mývatn. Meta þarf hvort verndargildi svæðisins réttlæti ekki lengri flutning á efni þar sem hrauni verður ekki raskað. Varðandi mögulega mengun grunnvatns má benda á að víða við Mývatn má sjá eldri vélar og tæki nær vatninu og hugsanlega er ofauðgun vegna áburðarnotkunar á bökkum Mývatns meiri vandamál en hugsanleg olíumengun frá námunni í Garði.

Rétt er að sjónræn áhrif efnistökkunnar verða ekki mikil ef hraunkanti sem skermar námuna af frá þjóðvegi verður ekki raskað. Ef af frekari efnistöku verður á þessum stað ætti að mati Umhverfisstofnunar að leggja áherslu á að nýta allt efni sem losað verður í námunni í stað þess að safna upp grófara frákasti sem unnt væri að nýta með efnisvinnslu. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*